



ORKUSTOFNUN

## Umhverfisáhrif Sultartangavirkjunar á Hafi og í Gjánni í Þjórsárdal

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-88-07

## UMHVERFISÁHRIF SULTARTANGAVIRKJUNAR Á HAFI OG Í GJÁNNI Í ÞJÓRSÁRDAL

(UNNIÐ FYRIR NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ)

Þessi samantekt er unnin fyrir Náttúruverndarráð. Hún fjallar um hugsanleg áhrif fyrirhugaðrar virkjunar við Sultartanga á vatnafar og önnur umhverfisáhrif á vatnasviði Rauðár í Þjórsárdal með sérstöku tilliti til Gjáinnar, en hún er á náttúruminjaskrá.

### 1. SULTARTANGAVIRKJUN

Hugmyndir um Sultartangavirkjun hafa þróast á þann veg að nú þykir hagkvæmast að gera s.k. skurðvirkjun. Úm er að ræða virkjun úr Sultartangaloní með stöðvarhúsi skammt neðan stíflunnar í vesturbakka Þjórsár. Þaðan er ráðgert að grafa frárennslisskurð niður eftir farvegi Þjórsár austan undir Sandafelli og síðan á vesturbakka hennar niður að Klofaey. Heildar fallhæðin á þessari leið er 46,5 m. Önnur útfærsla virkjunarinnar er með lengri frárennslisskurði og dýpri sem næði langleiðina niður að Búrfellsstíflu en þá yrði fallhæðin 52 m. Það er frárennslisskurðurinn sem kann að hafa áhrif á vatnafar Rauðár og aðallega sá hluti hans sem er neðan Sandafells. Landssvæði þetta nefnist Haf. Það er þakið Búrfellshrauni. Undir því er víða þykkt laust set sem hvílir á grunnberginu. Hugsanlegt er að annað Tungnárhraun sé þarna undir á köflum þótt hvergi hafi verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti. Frárennslisskurðurinn verður allur í Búrfellshrauninu og neðan Sandafells er hvergi gert ráð fyrir því að hann nái niður úr því. Dýpi hans þar verður á bilinu 15-20 m en botnbreidd 10 m.

Búist er við nokkru vatnsrennsli inn í skurðinn meðan á greftri hans stendur og á byggartíma virkjunarinnar en gert er ráð fyrir að veita vatninu brott eftir ræsisskurði sem lagður yrði þvert á frárennslisskurðinn frá ofanverðri Klofaey vestur í giljadög sem liggja niður í átt að Gjánni. Ræsisskurðurinn yrði einnig notaður síðar ef tæma þyrfti

frárennslisskurðinn af einhverjum orsökum.

### 2. GRUNNVATNSSTRAUMAR OG VATNASVIÐ

Ræsisskurðurinn er eini hluti þessara mannvirkja sem beinlínis fer inn á vatnasvið Rauðár. Frárennslisskurðurinn er allur á vatnasviði Þjórsár en vatnaskilin milli hennar og Rauðár eru um Þjóðveginn. Talið er að skil milli grunnvatnsstrauma séu einnig á svípuðum slóum. Mælingar sýna að grunnvatn stendur að jafnaði allnokkru herra á Hafi vestan Þjórsár en í hraununum austan hennar. Grunvatnsstraumurinn á Hafi hefur verið nefndur Rauðárstraumur. Austan Þjórsár er gríðar mikill straumur sem nefndur hefur verið Tungnárhraunastraumur.

### 3. RAUÐÁ

Efstu drög Rauðár eru í kverkinni milli Sandafells og Fossheiðar en síðan fær hún í sig fjölmarga læki af Stangarfjalli og Skeljafelli. Neðan Sandafells rennur Rauðá um Álfavelli og Haf en fellur svo niður um Gjána og sameinast Fossá í Þjórsárdal 15 km neðan efstu upptaka sinna. Rauðá hverfur oftast ofan í Búrfellshraun, Th-i, nærri Sandafelli og er árfarvegurinn því þurr á kafla nema í vatnavöxtum. Einum kílómetra ofan Gjáinnar kemur Rauðá fram að nýju í enda Hellisskótagljúfurs, í formi lindar á mótum Búrfellshrauns og grunngbergins.

Hellisskótagljúfur er all sérkennilegt ár-

gljúfur, 5-10 m breiðum flötum botni og 10-20 m djúpt, með lóðréttum veggjum sem vélgrafið væri. Það er allt heldur stórt í sniðum fyrir þá blátæru lindá sem þar rennur dagsdaglega, enda mun það ekki grafið af henni einni. Áður en Þjórsá var brúuð við Sandafell og vegur lagður upp með henni að vestan var algengt að kvísl úr ánni rynni í vatnavöxtum suður yfir Álfavelli og í Rauðá. Að sögn Sigurjóns Rist vatnamælingamanns tók vatn að renna um kvíslina þegar Þjórsá fór yfir  $900 \text{ m}^3/\text{s}$  við Sandafell. Það er þessi jökulsárkvísl sem mestan þátt hefur átt í gljúfurgreftrinum við Rauðá. Kvísl þessi var einu sinni mæld, þann 29. mars 1966, þá var hún  $52,4 \text{ m}^3/\text{s}$  (Sigurjón Rist 1968).

Annað lindasvæði er við Gjárfoss. Þar sprettur fram mikil vatn bæði niðri í Gjánni sjálfrí og úr hrauninu rétt ofan hennar. Þar eru snostrar lindirnar og fellur vatnið úr þeim í fallegum fossum (Lindafossum) ofan í Gjána austan við Gjárfoss. Lindirnar þarna koma fram í gömlum farvegi sem sýnilegt er að Rauðá hefur fallið um í vatnavöxtum. Í þurrkatíð hverfa þessar lindir að mestu. Niðri í Gjánni eru enn fremur margar lindir sem koma upp undan hraununum í suðurveggjum hennar.

Rauðá var mæld 16. júlí 1981. Þá reyndust lindirnar í Hellisskólagljúfri, sem fyrr er getið,  $2,9^\circ\text{C}$  en vatnsmagn árinnar rétt ofan við Gjárfoss var  $300 \text{ l/s}$ .

Vatnshitinn í lindunum í Gjánni mældist á bilinu  $2,9\text{-}3,6^\circ\text{C}$ . Kaldastar voru stærstu lindirnar ofan í Gjánni en heitastar voru þær sem koma upp ofan við lindafossinn. Vatnsmagn þessa lindasvæðis reyndist  $600 \text{ l/s}$ . Í Gjánni var Rauðá sem sagt  $900 \text{ l/s}$ .

Síriti hefur verið í Rauðá frá seinnihluta okt. 1984. Hann ber einkennisstafina Vhm. 600 og er í umsjá Landsvirkjunar. Einkennistölur rennslisins eru sem hér segir:

Meðaltal  $1,14 \text{ m}^3/\text{s}$  (okt. 1984-sept. 1988)  
Lágmark  $0,41 \text{ m}^3/\text{s}$  (mars og apr. 1985)

Hámark  $11,2 \text{ m}^3/\text{s}$  (13.jan.1985)  
(Landsvirkjun 1988)

Vatnsvið Rauðár ofan mælisins er  $33 \text{ km}^2$ . Úrkому að frádreginni uppgufun má áætla um  $1000 - 1200 \text{ mm}$  á ári (sbr. Trausti Jónsson í Árni Hjartarson 1986). Af þessu leiðir að meðalafrennsli af svæðinu ætti að vera um  $1,16 \text{ m}^3/\text{s}$ . Þarna er gott samræmi og því verður að álykta að lindavatnið í Rauðá sé að uppruna til fyrst og fremst regn, sem fallið hefur innan yfirborðsvatnsviðs árinnar en leki úr Þjórsá og langt aðkomnir grunnvatnsstraumar í Tungnárhraunum komi þar lítið við sögu.

Vatnshitinn í lindunum  $2,9 - 3,6^\circ\text{C}$  bendir einnig til að um sjálfstæðan grunnvatnsstraum er að ræða. Grunnvatnshitinn í hraununum austan Þjórsár er t.d.  $4 - 5^\circ\text{C}$ .

Neðan við Gjána og á hrauninu niður frá Stöng, hefur Rauðá hlaðið upp dálítilli urðarkeilu. Eftir að veruleg hlaup hættu að koma í hana hefur hún verið að grafa sig niður í keiluna og er að lækka hana.

#### 4. ÁHRIF SULTARTANGAVIRKJUNAR

Nú á eftir að svara því hver áhrif skurðanna frá Sultartangavirkjun kunni að verða á Rauðá. Ljóst er að frárennslisskurðurinn mun alstaðar ná ofan í grunnvatn. Tölverður vastnsagi verður því í skurðinum. Þetta vatn verður að öllum líkindum af tvennum toga, annarsvegar grunnvatn úr Tungnárhraunstraumi og híns vegar lekavatn úr Þjórsá. Undir venjulegum kringumstæðum virðist ekki leka mikil vatn úr ánni inn í hraunin. Botn hennar og bakkar hafa þést af jökkukorgi í tímanns rás. Þegar hátt stendur í ánni og hún flæðir á bakka sína eykst lekinn að mun.

Menn eru tregir til að giska á hvert vatnsmagnið muni verða en í verkhönnunar-skýrslu VST er nefnt að það verði hugsanlega  $2\text{-}3 \text{ m}^3/\text{s}$ . Þessu vatni er meiningin að veita um ræsisskurð niður um Gjána á meðan á framkvæmdum stendur og svo virðist

sem um hreina viðbót við náttúrulegt rennsli þar verði að ræða. Vatnið mun koma niður með Skeljafelli og síðan eftir all bröttum lækjarfarvegi til norðurs í átt að Bolagrófarhöfða og niður í Gjána um Lindafossana. Gjárfoss sjálfur verður ósnortinn. Lækurinn niður frá Lindafossunum er fallegur með grónum bökkum og rennur í hvannögum en ætihvönn vex þar í röðum með báðum bökkum og teygir laufið út yfir lækinn. Hæpið er að farvegurinn geti flutt meira vatn en um  $1 \text{ m}^3/\text{s}$  svo hætt er við að vatnið úr ræsisskurðinum valdi einhverju raski bæði með greftri og grjót og vikurburði ofan úr hrauninu. Neðar í Gjánni er ólíklegt að umtalsvert rask verði enda var sem fyrr segir alvanalegt að tugir rúmmetra á sekúndu af jökulvatni flæddu þarna um áður en vegurinn var lagður upp með Þjórsá hjá Sandafelli.

Eftir að framkvæmdum lýkur við Sultartangastíflu verður vatni einungis veitt um ræsisskurðinn ef af einhverjum ástæðum þarf að tæma frárennslisskurðinn. Ef slík tæming er framkvæmd með hæfilegum setningi ætti hún ekki að koma að verulegri sök.

Það er ljóst að alllengi eftir að Sultartangavirkjun verður tekin í notkun mun verða talsverður leki úr frárennslisskurðinum út í hraunið. En þar sem skurðurinn er allur á vatnasviði Tungnárhraunastraumsins mun hann ekki hafa nein áhrif á lindir Rauðár. Hins vegar gæti lindarennсли aukist tímbundið við Bjarnalæk og í Rangárbotnum.

Rauðá verður erfiðari yfirferðar en endranær hjá Stöng meðan á virkjunarframkvæmdum svo hætt er við að ferðum Gauks bónda á fund Steinastaðahús freyjunnar fækki eitthvað.

#### *HEIMILDIR*

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen 1986: Sultartangavirkjun. Verkhönnun 110 MW virkjunar í Þjórsá við Sultartanga. Skýrsla til Landsvirkjunar.

Árni Hjartarson 1986: Búrfell-Langalda, vatnafarskort 3540 V. Orkustofnun og Landsvirkjun, Reykjavík.

Landsvirkjun 1988: Mæligögn úr Vhm 600.

Pétur Pétursson, Bjarni Kristinsson og Árni Hjartarson 1982: Sultartangavirkjun - Frárennslisskurður. Jarðlagalýsingar og grunnvatnsathuganir 1981. OS82029/VOD19 B.

Sigurjón Rist 1968: Rennslismælingar 1947-1966, vinnueintak. OS-Vatnamælingar.